



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

## Ákvörðun nr. 33/2010

í ágreiningsmáli um réttthafabreytingu á símanúmeri

### I.

#### Erindið

Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) barst kvörtun í tölvupósti, dags. 26. júlí 2010, frá [X]<sup>1</sup> vegna réttthafabreytingar á símanúmeri. Í kvörtuninni sagði að kvartandi hefði fengið símanúmerið 544-4444 árið 2001 undir rekstur hjá sér sem hann hafði haft á nafni Planet Pizza ehf. en um árabíl hafi hann haft á leigu rekstur Hróa Hattar. Þegar kvartandi leigði reksturinn hafi hann haft númerið 544-4444 í símtalsflutningi í símanúmerið 554-4444 til að beina viðskiptavinum í pantananúmerið sem þekkt sé á nafni Hróa Hattar. Árið 2007 hafi rekstur Hróa Hattar verið seldur til núverandi eigenda og á þeim tímamótum hafi kvartandi skipt um starfsvettvang en Planet Pizza hafi þó ennþá verið í hans eigu.

Á svipuðum tíma hafi nýir eigendur Hróa Hattar farið með sín viðskipti frá Símanum yfir til Vodafone. Þar sem kvartandi hafi ekki haft nein sérstök not á þessum tíma fyrir símanúmerið 544-4444 þá hafi þeim samist um að hinir nýju eigendur gætu fengið afnot af númerinu, þ.e. númerið myndi áfram vera á símtalsflutningi yfir í símanúmer Hróa Hattar 554-4444, og eigendur Hróa Hattar myndu greiða fyrir þann símtalsflutning. Það hafi þeir gert í fyrstu en síðan hafi Vodafone náð með einhverjum hætti að færa númerið yfir í sitt kerfi og skráð Eignarhaldsfélag Hróa Hattar ehf. sem réttthafa símanúmersins. Kvartandi kveðst aldrei hafa afsalað sér símanúmerinu 544-4444.

Nú í vor hafi kvartandi opnað sinn eigin veitingastað, Italiano Pizzeria, og kvaðst hann hafa ætlað sér að nota símanúmerið 544-4444 fyrir þann stað. Nú sé málunum hins vegar þannig háttað að Vodafone hafi stillt sitt kerfi þannig að þeir símnotendur sem séu hjá Vodafone og

<sup>1</sup> Nafn kvartanda felld brott vegna trúnaðar.

hringja í símanúmerið fái símsvara þar sem vísað sé í símanúmer Hróa Hattar, 554-4444 í stað þess að fá samband við Italiano Pizzeria. Kvartandi hafi haft samband við Vodafone og þeir ætli sér ekki að lagfæra þetta þar sem núverandi eigendur Hróa Hattar telji sig eiga númerið vegna reksturs sem þeir keyptu af Einari Ásgeirssyni fyrrum eiganda Hróa Hattar. Kvartandi segir að Einar hafi ekki haft neinn umráðarétt fyrir símanúmerinu og hafi vitað það vel.

Kvartandi kveðst hafa rætt við eigendur Hróa Hattar vegna þessa máls og þeir hafi alveg verið meðvitaðir um að þeir hefðu símanúmerið aðeins að láni meðan hann sjálfur væri ekki að nota það. Enn fremur virðist Vodafone túlka kaupsamning á milli gamla og nýrra eigenda Hróa Hattar þannig að þeir hafi áunnið sér rétt til að ráðskast með númer þriðja aðila eins og þeim henti.

## II.

### Málsmeðferð

#### 1.

#### *Athugasemdir Vodafone*

Með bréfi PFS, dags. 5. ágúst sl., var Vodafone gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og tjá sig um málið. Athugasemdir Vodafone bárust PFS með bréfi dags. 18. ágúst sl. Í bréfinu kemur fram að þann 28. febrúar 2007 hafi Eignarhaldsfélag Hróa Hattar ehf. keypt rekstur Hróa Hattar af kvartanda og þá hafi kaupsamningur verið gerður. Þann 22. október 2007 hafi Vodafone og Eignarhaldsfélag Hróa Hattar ehf. gert með sér þjónustusamning þess efnis að Vodafone myndi sjá þjónustukaupa fyrir heildarlausn í fastlínu-, farsíma- og netþjónustu. Í kjölfar þessa samkomulags hafi Vodafone sent númeraflutningsbeiðni til Símans, þann 23. október 2007, vegna símanúmeranna 544-4444, -554-4444 og 564-4444. Frá þeim degi hafi Eignarhaldsfélag Hróa Hattar ehf. verið skráð rétthafi símanúmeranna í kerfum Vodafone.

Einnig segir í bréfinu að óumdeilt sé að kaupsamningur á milli kvartanda og Eignarhaldsfélags Hróa Hattar ehf. hafi verið gerður þar sem kvartandi hafi selt félaginu rekstur Hróa Hattar, sem síðan geri þjónustusamning við Vodafone. Á grundvelli þessa kaupsamnings hafi Vodafone sent flutningsbeiðni fyrir númerið 544-4444 til Símans. Vodafone hafi ekki aðgang að skráningu rétthafa í gagnasafni Símans og ekki sé um að ræða almennan gagnagrunn skráðra fastlínunúmera líkt og þegar um farsímanúmer er að ræða, en þau séu þá skráð í gagnagrunn HÍN. Af þessum sökum hafi Vodafone treyst því að umræddur viðskiptavinur hefði öðlast rétt til númeranna með framangreindum kaupsamningi. Vodafone telji að Síminn hefði átt að hafna flutningsbeiðninni ef sá aðili sem Vodafone hefði tilgreint sem rétthafa væri ekki hinn sami og skráður rétthafi hjá Símanum.

Jafnframt segir að þegar ósk um númeraflutning komi frá öðrum fyrirtækjum telji Vodafone það vera sitt hlutverk að ganga úr skugga um að nafn sama rétthafa sé skráð á flutningsbeiðnina og skráð sé í gagnageymslu Vodafone. Ef rétthafi sé hinn sami hleypi Vodafone beiðninni í gegn í samræmi við reglur um númera- og þjónustuflytning í almennum fjarskiptum. Sé rétthafi ekki sá sami sé beiðninni ekki hleypt í gegn og aðilum málsins kynnt

um ástæðuna. Vodafone telji því að það sé kvartanda að sýna fram á að Eignarhaldsfélag Hróa Hattar ehf. hafi ekki verið rétt hafi þegar númeraflutningurinn hafi farið í gegn.

Þá bendir Vodafone á að ekki sé tekið á því í kaupsamningi milli aðila málsins hvort umrætt símanúmer hafi átt að vera innifalið í kaupunum eða ekki. Hins vegar haldi kvartandi því fram, skv. tölvupósti, að um samkomulag um afnot á númerinu hafi verið að ræða. Að mati Vodafone sé það kvartanda að sýna fram á að umræddur kaupsamningur hafi ekki tekið til umrædds símanúmers, sem eins og áður segi, nái til pizzastaðarins í heild. Almennt verði að líta svo á að það sé veigamikill þáttur í rekstri pizzastaðar að ráða yfir símanúmeri sem hafi verið markaðssett og neytendur þekki. Það hljóti því að mega almennt ganga út frá því að þegar rekstur pizzastaðar sé seldur fylgi öll símanúmer með.

Þá segir í bréfinu að kvartandi haldi því fram að hann hafi staðið í skilum á þeim greiðslum sem hafi snúið að númerinu 544-4444. Vodafone vísi hins vegar til þess að frá því að númerið hafi komið í viðskipti til Vodafone hafi Eignarhaldsfélag Hróa Hattar staðið skil á öllum greiðslum vegna símanúmersins. Kvartandi hafi þannig ekki greitt vegna notkunar þess í tæplega þrjú ár. Það verði því að líta svo á að kvartandi hafi í hið minnsta sýnt af sér töluvert tómlæti gagnvart hinni meintu ólögsmætu rétthafabreytingu.

Að lokum segir að það sé regla hjá Vodafone að verða ekki veið beiðnum um númera- eða þjónustuflutning né breytingu á þjónustu ef rétt hafi númersins, skv. skráum Vodafone, fari ekki fram á slíkt. Vodafone telji fyrirtækið hafa gert þjónustusamning við Eignarhaldsfélag Hróa Hattar og afgreitt í kjölfarið flutningsbeiðnina í góðri trú. Vodafone telji að verkferlar fyrirtækisins uppfylli skyldur laganna um leið og hagsmuna viðskiptavina sé gætt.

## 2.

### *Athugasemdir Símans*

Með bréfi PFS, dags. 2. september sl., var Símanum gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og tjá sig um málið. Athugasemdir Símans bárust PFS með bréfi dags. 15. september sl. Í bréfinu kemur fram að skv. upplýsingum í kerfum Símans hafi símanúmerið 544-4444 ítrekað verið flutt á milli Símans og Vodafone á árunum 2007 til 2010, auk tilvika þar sem flutningsbeiðni hafi verið gerð en hætt hafi verið við flutning. Í þessu ferli hafi númerið ávallt verið skráð á Planet Pizza í kerfum Símans.

Í bréfinu segir að ljóst sé að upplýsingakerfi fyrir fastlínu, bæði hjá Vodafone og Símanum, hafi á þessu tímabili ekki verið með þeim hætti að nægilegt eftirlit hafi verið tryggt með skilyrðum fyrir númeraflutningi, hvað hafi varðað rétthafa eða bindisamninga. Mál varðandi ágreining félaganna um þetta hafi m.a. komið til kasta PFS. Síminn hafi unnið að úrbótum á þessu sviði með aukinni sjálfvirkni. Það verkefni hafi fengið verulegan forgang og vonir standi til að sú lausn sem Síminn vinnur að, til að tryggja sem best mat á flutningsbeiðnum m.a. m.t.t. þessara þátta, verði tilbúin hjá Símanum í lok okt. –nóv. nk.

Í ljósi þessa telji Síminn því skýringar Vodafone vera nokkuð ódýrar, þar sem látið sé að því liggja að allur vandi þessa máls liggi hjá Símanum, sem hafi heimilað númeraflutning yfir til Vodafone í október 2007. Vodafone láti þess hins vegar ekki getið að send hafi verið

númeraflutningsbeiðni frá Símanum á þetta númer, þann 11. mars 2010, þar sem tilgreindur rétthafi hafi verið Planet Pizza og hún hafi strax verið afgreidd af Vodafone.

Í bréfinu segir jafnframt að umrædd flutningsbeiðni Símans frá 11. mars sl. hafi verið send vegna ítrekaðra kvartana Högna Jökuls, sem telji að númerið 544-444 hafi verið fært á nýjan rétthafa með ólögætum hætti. Hann hafi jafnframt lagt skýrt bann við því, sem rétthafi símanúmersins, að það yrði fært til annars fjarskiptafyrirtækis nema með skriflegu samþykki hans.

Þá segir að Vodafone hafi í framhaldinu af þessu óskað eftir flutningi númersins til baka, sem Síminn hafi hafnað nema framvísað yrði skriflegu samþykki Högna fyrir rétthafabreytingu, með tilvísun til ofanritaðrar kröfu hans. Vodafone hafi ekki enn framvísað umbeðnum gögnum um rétthafabreytingu.

### 3.

#### *Athugasemdir Hróa Hattar*

Með bréfi PFS, dags. 22. september sl., var Hróa Hetti gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og tjá sig um málið. Athugasemdir Hróa Hattar bárust PFS með bréfi dags. 4. október sl. Í bréfinu segir að eins og fram hafi komið hafi Eignarhaldsfélag Hróa Hattar ehf. keypt rekstur Hróa Hattar af Einari Ásgeirssyni. Einar hafi leigt rekstur Hróa Hattar til Högna Jökuls Gunnarssonar áður en hann seldi reksturinn til Eignarhaldsfélags Hróa Hattar.

Í bréfinu segir að kaupsamningur hafi verið gerður þann 28. febrúar 2007 á milli Hróa Hattar og Einars Ásgeirssonar um kaup á Hróa Hetti. Kaupsamningurinn hafi hljóðað upp á að fyrirtækið myndi kaupa öll tæki og tól og allt sem hefði fylgdi rekstrinum á þeim degi sem kaupin hafi gengið í gegn. Á grundvelli þessa samnings hafi fyrirtækið alltaf staðið í þeirri trú að kaupsamningurinn hafi einnig tekið til umrædds símanúmers.

Varðandi þá athugasemd kvartanda að hann hafi alltaf staðið í skilum á símanúmerinu segir Hrói Höttur að fyrirtækið hafi borgað af númerinu í um 3 ár, eða frá því að það hafi verið flutt yfir í viðskipti til Vodafone.

Telur Hrói Höttur annars vegar að kvartandi hafi ekki gert neitt til að viðhalda eignarrétti yfir númerinu og hins vegar að kvartandi hefði þurft að sýna fram á að umrætt númer hefði ekki átt að falla undir kaupsamninginn sem gerður hafi verið við Einar Ásgeirsson. Telji kvartandi að um samkomulag á milli sín og Hróa Hattar um afnot á númeri hafi verið að ræða þurfi hann að sýna fram á að svo sé. Tækist það ekki yrði að telja að umræddur kaupsamningur teldist nægjanleg sönnun fyrir réttindum fyrirtækisins yfir númerinu.

Einnig segir í bréfinu að Hrói Höttur telji sig ekki fært um að svara fyrir hönd fjarskiptafyrirtækjanna varðandi flutninginn á númerinu sjálfu. Sé vafi á því hver sé rétthafi símanúmersins og hafi því heimild til að flytja það á milli fjarskiptafyrirtækjanna telji fyrirtækið að niðurstaðan í því máli hljóti að ráðast af því hvort kvartandi geti sýnt fram á samning á milli sín og eiganda Hróa Hattar þess efnis að númerið hafi einungis verið fengið til afnota en ekki eigu.

Þá telur Hrói Höttur það með ólíkindum að kvartandi hafi getað fengið símanúmerið flutt yfir til sín. Númer sem hafi verið í eigu fyrirtækisins og verið notað í mikilvægum viðskiptatilgangi fyrir pizzustaðinn Hróa Hött. Rekstur pizzustaða byggir á því að viðskiptavinur hringi inn og óski eftir að kaupa þjónustu og þetta númer hafi verið mikilvægur þáttur í að beina viðskiptavinum pizzustaðarins á réttan stað. Af þessu sögðu spyr Hrói Höttur hvort fyrrverandi eigandi geti gengið inn í Símann og flutt önnur númer sem tilheyrðu rekstrinum yfir á sitt nafn og þannig eyðilagt rekstur staðarins.

Að lokum kveðst Hrói Höttur ekki telja neinn vafa vera á því að þeir séu réttir eigendur númersins og því hafi fyrirtækið haft heimild til að ráðstafa númerinu á þann hátt sem það hafi gert. Fyrirtækið hafi greitt af símanúmerinu frá því það keypti reksturinn og endanleg fjárhagsleg skuldbinding hafi alltaf hvílt á Hróa Hetti vegna númeranna. Hafi kvartandi talið sig eiga umrætt símanúmer hefði hann átt að gera tilkall til þess þegar kaupsamningur var gerður eða í það minnsta sjá til þess að umrætt númer væri undanskilið í kaupsamningnum. Kvartandi hafi ekki gert neinar ráðstafanir til að fá númerið aftur til sín fyrr en hann hafi sjálfur ákveðið að opna pizzustað og hefja samkeppni við Hróa Hött. Það liggi í augum uppi að kaupendur pizzustaða eigi að geta gengið út frá því að innifalið í kaupnum séu öll númer sem tengjast staðnum. Númer pizzustaða og markaðssetning á þeim sé grundvöllurinn fyrir góðum viðskiptum. Þá velti Hrói Höttur því fyrir sér hvort þetta sé tilraun af hálfu kvartanda til að stela viðskiptum frá fyrirtækinu. Allir sem hringi í 544-4444 séu, að öllum líkindum, að reyna að ná í Hróa Hött en ekki í Planet Pizza sem sé í eigu kvartanda. Fyrirtækið telji því að ákveðin neytendavernd felist í því að halda númerinu í eigu Hróa Hattar.

### III.

#### Forsendur og niðurstaða

##### 1.

#### *Lagaumhverfi*

Póst- og fjarskiptastofnun er sú stofnun sem með lögum hefur verið falið að annast framkvæmd laga um fjarskipti og hafa eftirlit með fjarskiptum, sbr. 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Samkvæmt 10. gr. sömu laga skal PFS láta kvörtun neytenda til sín taka telji neytendur að fjarskiptafyrirtæki hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í almennum heimildum, réttindum eða í rekstrarleyfi. Samkvæmt 3. mgr. 52. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti sker PFS úr ágreiningi varðandi númeraflutning.

Hlutverk stofnunarinnar felst m.a. í því að gæta hagsmuna almennings með því að stuðla að betri vernd neytenda í viðskiptum þeirra við fjarskiptafyrirtæki, sbr. b.-liður 4. tl. 1. mgr. 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, og að stuðla að birtingu skýrra upplýsinga fyrir notendur og krefjast gagnsæi gjaldskráa og skilmála fyrir notkun almennrar fjarskiptaþjónustu, sbr. d.-liður 4. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna. Stofnunin gegnir því afar mikilvægu hlutverki við vernd neytenda í viðskiptum sínum við fjarskiptafyrirtæki og ber að stuðla að því að þær upplýsingar sem varða neytendur séu settar fram á skýran hátt og birtar þeim með fullnægjandi hætti.

*Rétthafabreyting*

Reglur um númera- og þjónustuf lutning í almennum fjarskiptanetum nr. 617/2010 voru settar af PFS þann 6. júlí 2010 og birtar í Stjórnartíðindum þann 22. júlí s.á. Reglur þessar leystu af hólmi reglur um númera- og þjónustuf lutning nr. 949/2008, sbr. áður reglur um númeraflutning nr. 401/2001.

Ofangreindar reglur nr. 617/2010 gilda um númera- og þjónustuf lutning í talsímanetum, bæði innan sama kerfis sama fjarskiptafyrirtækis eða milli fjarskiptafyrirtækja, númera- og þjónustuf lutning í farsímum og flutning IP fjarskiptaþjónustu eftir því sem við á. Markmið reglnanna er m.a. að kveða á um skilvirkan númera- og þjónustuf lutning og auka neytendavernd notenda í talsíma-, farsíma- og internetþjónustu, sbr. 1. gr. reglnanna.

Almennt eru strangar kröfur gerðar við yfirfærslu á réttindum sem tilheyra einstaklingum. Hefur verið talið að mikilvægt sé að formfesta ríki og ótvírætt samþykki þess sem hyggst afsala sér réttindum liggja fyrir áður en yfirfærsla á réttindum á sér stað. Sú hugsun býr að baki þessari meginreglu að auðvelda og tryggja sönnunarfærslu ef upp rís ágreiningur um skipan þessara réttinda.

Framangreind meginregla liggur til grundvallar 10. gr. reglna nr. 617/2010 en samkvæmt henni er fjarskiptafyrirtækjum aðeins heimilt að hefja ferli við númera- og þjónustuf lutning þegar skriflegt eða rafrænt samþykki rétthafa símanúmers liggur fyrir. Rafrænt samþykki má vera með tölvupósti eða SMS skilaboðum úr símanúmeri rétthafa sem óskar flutnings.

Í heild sinni er ákvæðið svohljóðandi:

“Fjarskiptafyrirtæki er ekki heimilt að skrá annan notanda sem rétthafa númers nema rafrænt eða skriflegt samþykki þess rétthafa sem afsalar sér númerinu liggja fyrir.

Fjarskiptafyrirtæki skal senda staðfestingu á móttöku rafræns samþykkis frá rétthafa sem afsalar sér númeri, en á pappírformi skal samþykki vera undirritað á sérstöku eyðublaði í tvíriti. Skal fjarskiptafyrirtæki halda einu eintaki eyðublaðsins eftir til varðveislu en senda hitt eintakið til hins nýja rétthafa eða sérstaka skriflega staðfestingu á rétthafabreytingunni, hafi samþykkið verið gefið með rafrænum hætti. Fjarskiptafyrirtæki skal varðveita rafrænt eða skriflegt samþykki um rétthafabreytingu í a.m.k. 2 ár frá móttöku þess eða undirritun. Að þeim tíma liðnum ber notandi númers sönnunarbyrðina um að hann sé rétthafi þess, rísi upp ágreiningur um það.”

Í skýringum PFS við fyrirhugaðar breytingar á ákvæðinu sem birtist á heimasíðu stofnunarinnar, [www.pfs.is](http://www.pfs.is), þann 30. mars s.l. í tengslum við samráð stofnunarinnar við fjarskiptafyrirtæki vegna endurskoðunar á reglunum er að finna nánari skýringar á því hvað felst í ákvæðinu að mati PFS. Þar segir m.a. að stofnunin telji mikilvægt að upplýsingarkerfi fjarskiptafyrirtækjanna geti gert greinarmun á annars vegar greiðendum fyrir fjarskiptaþjónustu og hins vegar hver sé rétthafi tiltekins númers. Þá kemur fram að stofnunin telji að meiri formfesta þurfi að ríkja varðandi rétthafabreytingar þannig að ótvírætt samþykki rétthafa liggja fyrir áður en númer er skráð á nafn annars aðila.

*Niðurstaða PFS*

Í málinu er deilt um það hver sé réttmætur rétthafi símanúmersins 544-4444 og greinir málsaðilum á um það hvort umrætt símanúmer hafi átt að fylgja með í sölu rekstrar Hróa Hattar á sínum tíma. PFS telur að stofnunin sé ekki bær til þess að fjalla um hvað hafi falist í kaupsamningi á milli aðila þar sem PFS starfar, eins og áður hefur komið fram, eftir lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun en skv. 1. gr. laganna er hlutverk stofnunarinnar að hafa umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi eftir því sem mælt er fyrir um í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun og öðrum lögum. Mat á efnislegu innihaldi kaupsamningsins sem slíks er á forræði dómstóla og er ekki í höndum stjórnvalda.

Þegar litið er til þess hvernig staðið hefur verið að rétthafabreytingum í málinu telur PFS að umræddir númeraflutningar geti ekki talist hafa uppfyllt skilyrði reglnanna um númera- og þjónustuflutning þar sem skýrt samþykki skráðs rétthafa lá ekki fyrir við flutninginn, en sitthvor rétthafinn var skráður fyrir símanúmerinu í kerfi Símans og Vodafone. Hvorugt fyrirtækið gerði hins vegar athugasemdir við það að rétthafi væri ekki sá sami þegar númeraflutningsbeiðni barst og hleyptu beiðninni í gegn. Það virðist því sem upplýsingakerfi fjarskiptafyrirtækjanna sé ekki með þeim hætti að nægjanlegt eftirlit sé tryggt með því að samþykki rétthafa símanúmers í fastlínu sé aflað áður en númeraflutningur á sér stað.

Eins og Síminn bendir réttilega á í bréfi sínu, dags. 15. september sl., hefur PFS áður tekið fyrir mál sem upp kom á milli þessara tveggja fjarskiptafélaga sem rekja mátti til þess að framkvæmd félaganna við númeraflutning var ekki til þess fallin að stuðla að því að staðið væri að númeraflutningi með réttum hætti. PFS telur það ekki ásættanlegt að fyrirtækin uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru til númeraflutninga í reglum um númera- og þjónustuflutning.

Það er óumdeilt að umrætt símanúmer, 544-4444, var í upphafi í umráðum kvartanda, sem var skráður rétthafi þess. Ljóst er að símanúmerið var flutt yfir til Vodafone, að því er virðist að rétthafa þess forspurðum, en engin gögn liggja fyrir um flutninginn eða númeraflutningsbeiðnina. Eins og fram kemur í bréfi Vodafone, dags. 18. ágúst sl., leit fyrirtækið svo á að Hrói Höttur hefði öðlast rétt yfir númerinu með kaupsamningi sem aðilar gerðu sín á milli um sölu á rekstri Hróa Hattar. Síminn hefði því átt að hafna flutningnum ef sá aðili sem Vodafone tilgreindi sem rétthafa væri ekki sá sami og var skráður hjá Símanum. PFS fellst á þetta sjónarmið Vodafone en telur engu að síður að bæði fyrirtækin verði að gera úrbætur þegar kemur að framkvæmd númeraflutninga.

Að öllu framangreindu virtu er það er niðurstaða PFS að það sé ekki á valdi stofnunarinnar að skera úr um hvort kaupsamningur milli Hróa Hattar og kvartanda hafi falið í sér afsal kvartanda á réttindum yfir númerinu. Því getur Hrói Höttur ekki talist rétthafi númersins á þeim grundvelli í skilningi fjarskiptalaga og reglum settum á grundvelli þeirra, enda eru þar sett sérstök formskilyrði um ótvírætt samþykki rétthafa fyrir rétthafabreytingu. Einnig er það niðurstaða stofnunarinnar að þeir númeraflutningar sem gerðir hafa verið á milli Vodafone og Símans hafi ekki verið í samræmi við reglur um númera- og þjónustuflutning, enda hefðu fyrirtækin átt að synja um þjónustuflutning ef flutningsbeiðnin stafaði ekki frá rétthafa símanúmersins. Við ákvörðun á því hver sé rétthafi númersins verður því að horfa til þess hver hafi verið upphaflegur rétthafi þess, en ágreiningslaust er að það hafi verið kvartandi.

*Ákvörðunarorð*

**Flutningar á númerinu 544-4444 á milli Símans og Vodafone voru ekki í samræmi við ákvæði reglna nr. 617/2010 um númera- og þjónustuf lutning í almennum fjarskiptanetum. Kvartandi telst réttmætur rétthafi yfir númerinu sem upphaflegur rétthafi þess.**

**Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.**

Reykjavík, 27. október 2010

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Margrét Gunnarsdóttir